

Fimmtudaginn 22. janúar 1998.

Nr. 124/1997.

Íslenska ríkið

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Þórmundi Hjálmtýssyni

(Þorsteinn Einarsson hdl.)

Skaðabætur. Nauðungarsala. Kaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1997. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að þær verði lækkaðar og málskostnaður falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á uppboði, sem sýslumaðurinn í Reykjavík hélt 20. nóvember 1993, keypti stefndi 370 gallabuxur fyrir samtals 369.000 krónur. Buxurnar voru seldar samkvæmt beiðni tollstjórans í Reykjavík, en þær höfðu verið gerðar upptækar til ríkisins með dómi 18. júní 1992 í opinberu máli vegna brota á tollalögum. Þær báru auðkenni, sem sýndu, að þær væru af gerðinni Levis. Fékk bandaríska fyrirtækið Levi Strauss & Co. lagt lögbann 16. febrúar 1994 við því, að stefndi flytti inn, dreifði, seldi eða ráðstafaði með öðrum hætti fatnaði merktum fyrirtækinu, sem væri ekki framleiddur af því. Var lögbannið reist á því, að buxurnar, sem áður er getið, væru eftirlíkingar af framleiðslu hins erlenda fyrirtækis, og væri sala þeirra brot á vörumerkjarétti þess. Lögbannið var staðfest með dómi 18. nóvember 1994. Samkvæmt dóminum lét stefndi af hendi til erlenda fyrirtækisins 258 buxur, sem hann hafði í vörslum sínum, þegar lögbannið var lagt á. Í málinu krefst stefndi bóta úr hendi áfrýjanda vegna tjóns, sem hann kveðst hafa orðið fyrir vegna kaupa sinna á uppboðinu. Fyrir Hæstarétti er fjárhæð bótakröfu stefnda 564.135 krónur, en þar af eru 257.226 krónur vegna verðsins, sem stefndi greiddi fyrir umræddar 258 buxur við uppboðið, 120.158 krónur

vegna málskostnaðar til Levi Strauss & Co. í fyrrnefndu dómsmáli og 186.751 króna vegna kostnaðar stefnda sjálfs af því máli.

Krafa áfrýjanda um sýknu er meðal annars reist á því, að stefndi hafi ekki höfðað málið fyrir en að liðnum fresti samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Í sambandi við þetta verður að líta til þess, að málshöfðunarfresturinn, sem hér um ræðir, er eingöngu settur um dómsmál til heimtu skaðabóta samkvæmt reglum í 1. mgr. og 2. mgr. 86. gr. og 1. mgr. 87. gr. nefndra laga um sérstaka bótaábyrgð gerðarbeiðanda og ríkisins. Fresturinn gildir hins vegar ekki, þegar krafa um bætur varðandi nauðungarsölu er reist á öðrum grunni, svo sem gert er í þessu máli. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu áfrýjanda.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, báru stefndi og tvö vitni í skýrslum fyrir héraðsdómi, að eitthvað af buxunum, sem um ræðir í málinu, hafi verið sýnt við uppboðið 20. nóvember 1993. Hafi sést, að buxurnar væru merktar með tegundarheitinu Levis, en auk þess hafi verið um það rætt á uppboðinu. Þessi framburður fær stuðning í fram lögðu bréfi sýslumannsins í Reykjavík 14. ágúst 1996, sem var ritað ríkislögmanni í tilefni málshöfðunar stefnda, en þar segir, að nafngreindur starfsmaður sýslumanns, sem gerði kvittun handa stefnda fyrir kaupum á uppboðinu, hafi talið buxurnar vera af gerðinni Levis, „þar sem um það hafði verið rætt í uppboðssalnum, þegar buxurnar voru seldar“. Af þessu er sýnt nægilega fram á, að starfsmönnum sýslumanns við uppboðið hafi að minnsta kosti verið svo ljóst, að bjóðendur teldu buxurnar vera þessarar tegundar, að gera hefði þurft sérstakan fyrirvara, ef ætlunin var önnur en bjóða þær til sölu þannig auðkenndar. Leggja verður til grundvallar, að buxurnar, sem stefndi keypti við uppboðið, hafi ekki með réttu verið umræddrar gerðar. Samkvæmt því svöruðu þær ekki til þess heitis, sem þær voru auðkenndar með við söluna, sbr. 48. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, en ákvæði 7. töluliðar 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/1991, sbr. 8. gr. auglýsingar nr. 42/1992 um almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjármunum o. fl., girða ekki fyrir, að stefndi geti nú borið þetta fyrir sig. Ber því áfrýjandi sem gerðarbeiðandi við nauðungarsöluna bótaábyrgð samkvæmt meginreglu 3. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922 á því tjóni, sem kaupin hafa valdið stefnda.

Áfrýjandi hefur ekki hreyft sérstökum mótmælum gegn fjárhæð kröfu stefnda, að því er varðar bætur, sem svari til verðsins, er hann greiddi fyrir 258 buxur við uppboðið 20. nóvember 1993. Með vörnum í fyrrnefndu dómsmáli Levi Strauss & Co. á hendur sér fékk stefndi sig sýknaðan af kröfu um verulegar skaðabætur, þótt honum hafi verið dæmt þar áfall að öðru leyti. Í því ljósi hefur ekki verið rökstutt, hvernig stefndi hefði sérstaklega getað takmarkað tjón sitt, hvað varðar kostnað af því máli. Af þessum sökum og þar sem áfrýjandi hefur ekki fært önnur viðhlítandi rök fyrir varakröfu sinni um lækkun bóta til stefnda, verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest um annað en málskostnað.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, íslenska ríkið, greiði stefnda, Þórmundi Hjálmtýssyni, samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1997.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 22. maí 1996. Því var úthlutað dómara 1. október s. á. Málið var tekið fyrir 28. s. m. og því frestað til gagnaöflunar til 29. nóvember sl. Í þinghaldi þann dag var aðalmeðferð þess ákveðin 29. janúar sl. og það dómtekið.

Stefnandi er Þórmundur Hjálmtýsson, kt. 130345–3199, nú Gullsmára 9, Kópavogi.

Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 693.135 kr., með 0,9% ársvöxtum af 257.226 kr. frá 22. nóvember 1993 til 1. desember 1993, með 0,5% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 3. júlí 1994, en með dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá þeim degi til 11. apríl 1995, af 347.226 kr. frá þeim degi til 27. júní 1995, af 467.384 kr. frá þeim degi til 22. september 1995, af 564.135 kr. frá þeim degi til 21. júní 1996, en af 693.135 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er gerð sú krafa, að stefnufjárhæð verði stórlega lækkuð og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

II.

Málsástæður og önnur atvik.

20. nóvember 1993 keypti stefnandi m. a. 370 gallabuxur, sem seldar voru að beiðni tollstjórans í Reykjavík á nauðungarsölu, er haldin var af sýslumanninum í Reykjavík. Kaupverð gallabuxnanna var 369.000 kr. Fékk stefnandi kvittun fyrir kaupnum, og má af henni ráða, að um Levis-gallabuxur hafi verið að ræða.

Stefnandi rak á þeim tíma verslun í Reykjavík og hugðist selja buxurnar, en 16. febrúar 1994 var af hálfu Levis Strauss & Co. í Bandaríkjunum lagt lögban við því. Byggðist lögbankskrafan á því, að buxurnar væru eftirlíkingar af Levis-gallabuxum og sala þeirra brot á vörumerkjarétti Levis Strauss. Hinn 7. mars 1994 tók umboðsmaður Levis Strauss úr vörslu stefnanda 258 gallabuxur, sem óseldar voru. Í framhaldi lögbankssgerðar Levis Strauss höfðaði félagið mál á hendur stefnanda fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og gerði m. a. kröfur um, að stefnandi yrði látinn sæta sektum og greiðslu skaðabóta.

Í framhaldi af kröfum stefnda í greinargerð sinni boðaði lögmaður Levis Strauss & Co., að hann myndi óska eftir dómkvaðningu matsmanns til að meta buxur þær, sem málið varðaði. Því næst tóku stefndi og lögmaður Levis Strauss & Co. upp viðræður um sættir í máli þeirra. Eftir þær viðræður bauð lögmaður Levis Strauss stefnda að ljúka málinu með því að greiða Levis Strauss 112.000 kr. í skaðabætur vegna sölu á 112 gallabuxum og greiðslu málskostnaðar, að fjárhæð 150.000 kr. Þá krafðist lögmaður Levis Strauss þess jafnframt, að 258 óseldar gallabuxur í eigu stefnda yrðu eyðilagðar.

Stefndi taldi, að ríkissjóður bæri ábyrgð á tjóni sínu vegna sölu gallabuxnanna, og lýsti þeirri skoðun sinni í bréfi, dags. 3. júní 1994, til ríkislögmanns. Í því bréfi krafðist stefndi þess, að ríkissjóður bætti tjón sitt að fullu og að gengið yrði að sáttaboði lögmanns Levis Strauss. Var krafa sú, sem stefnandi gerði á hendur ríkissjóði í því bréfi, að fjárhæð 781.000 kr. og

var sundurliðuð. Með bréfi ríkislögmans, dags. 8. júlí 1994, var kröfu stefnanda hafnað algerlega.

Dómur var kveðinn upp í málinu 18. nóvember 1994, og er dómsorð eftirfarandi:

Staðfest er lögbann, sem sýslumaðurinn í Reykjavík lagði við því 16. febrúar 1994, að stefndi, Þórmundur Hjálmtýsson, flytji inn, dreifi, selji eða ráðstafi með nokkrum hætti gallabuxum eða öðrum fatnaði merktum stefnanda, Levis Strauss & Co., sem ekki er framleiddur á vegum fyrirtækis hans.

Stefndi greiði 40.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, er afplánist með tíu daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna.

Skaðabótakröfu stefnanda er vísað frá dómi.

Stefnda skal heimilt að fjarlægja, á eigin kostnað og undir eftirliti stefnanda, allar merkingar á 258 buxum, er vísa til vörumerkja stefnanda. Skal stefndi hafa frest til og með 31. desember nk. til að ljúka verkinu og fá þá afhentar þær buxur, er merki hafa þannig verið fjarlægð af. Þær buxur, sem merki hafa ekki verið fjarlægð af á þennan hátt, skulu bóta-laust verða eign stefnda eftir 31. desember nk.

Stefndi greiði stefnanda 150.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Levi Strauss & Co. kærði til Hæstaréttar ákvæði dóms Héraðsdóms Reykjavíkur um frávisun skaðabótakröfu stefnanda, og felldi Hæstiréttur frávisunarákvæðið úr gildi með dómi, upp kveðnum 20. desember 1994. Dómur gekk í Héraðsdómi Reykjavíkur um skaðabótakröfu Levis Strauss & Co. 30. janúar 1995, og var stefndi þar sýknaður og Levi Strauss & Co. dæmt til að greiða stefnda 40.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Stefndi ákvað að una dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Þegar til kom, reyndist ekki framkvæmanlegt að fjarlægja af buxunum vörumerki stefnanda, án þess að skemma buxurnar, og urðu þær því eign Levis Strauss & Co. 31. desember 1994 í samræmi við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. Levi Strauss & Co. hefur nú þegar látið eyða gallabuxunum nema tveimur, sem eftir eru sem sönnunargagn.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að nauðungarsala sýslumannsins í Reykjavík á fyrrgreindum buxum að beiðni tollstjórans í Reykjavík hafi verið ólöglegt og óheimil og sala þeirra brotið gegn vörumerkjarétti Levis Strauss & Co., og því einnig gegn ákvæðum 37. gr. og 38. gr. laga nr. 47/1968 og jafnframt gegn ákvæðum Parísarsamþykktarinnar um

vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sem öðlaðist lagagildi með lögum nr. 102/1961, sbr. einkum 5. gr. a, 6. gr. b, 9. gr. og 10. gr. laganna. Fyrrgreind nauðungarsala hafi farið fram að beiðni tollstjórans í Reykjavík og á ábyrgð hans, og því beri ríkissjóður ábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir vegna hinnar ólögmætu sölu.

Stefnandi telur jafnframt, að ríkissjóður vegna sýslumannsins í Reykjavík beri ábyrgð á tjóni sínu, þar sem sýslumaðurinn í Reykjavík hafi ábyrgð, að um Levis-gallabuxur hafi verið ræða. Fyrir liggja dómur Héraðsdóms Reykjavíkur um, að sala stefnanda á gallabuxunum hafi verið brot á vörumerkjarétti Levis Strauss & Co. Því sé augljóst, að nauðungarsala á fyrrgreindum buxum að beiðni tollstjórans í Reykjavík hafi þá jafnframt verið brot á vörumerkjarétti sama aðila og því ólögmæt. Stefnandi bendir á, að réttur til vörumerkis sé ekki aðeins varinn fyrir brotum einstaklinga á þeim rétti, heldur jafnframt fyrir brotum ríkisvaldsins á þeim rétti. Þá bendir stefnandi á, að ekki skiptir máli um ólögmæti ráðstöfunar, hvort vara sé seld í verslun eða við nauðungarsölu.

Stefnandi bendir jafnframt á, að eftir að mál þetta kom upp árið 1994, hafi stefndi viðurkennt, að sér væri óheimilt að selja eftirlíkingar af Levis-gallabuxum á nauðungarsölu, og því hafi verið fallið frá nauðungarsölu á 204 stk. af eftirlíkingum af slíkum buxum, sem tollgæslan hafði þá gert upp-tækar, og lét stefndi eyða þeim, sbr. bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 16. febrúar 1994. Stefnandi telur, að í þeirri afstöðu stefnda felist viðurkenning á því, að sala eftirlíkinga gallabuxna á nauðungarsölu 20. nóvember 1993 hafi verið ólögmæt.

Stefnandi telur ekki skipta máli um ábyrgð stefnda, hvort starfsmönnum sínum hafi verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um, að um eftirlíkingar hafi verið að ræða, áður en uppboðs var óskað. Grandsemi starfsmanna stefnda sé ekki skilyrði ábyrgðar stefnda skv. lögum um vörumerki nr. 47/1968, heldur aðeins sú staðreynd, að um eftirlíkingar var að ræða.

Stefndi heldur því jafnframt fram, að um saknæma og ólögmæta háttsemi hafi verið að ræða af hálfu starfsmanna tollstjórans í Reykjavík að óska eftir nauðungarsölu á gallabuxunum og jafnframt starfsmanna sýslumannsins í Reykjavík og að ríkissjóður beri því ábyrgð á tjóni stefnanda skv. almennu skaðabótareglunni. Starfsmenn stefnda hafi vitað, að um eftirlíkingar hafi verið að ræða, eða a. m. k. mátt vita það, þar sem þær voru fluttar inn frá Thailandi, en alkunna sé, að í því landi sé mikil framleiðsla á eftirlíkingum ýmissa vörutegunda. Starfsmenn stefnda hafi átt að ganga úr skugga um það, hvort heimilt væri að selja buxurnar, áður en þeir létu nauðungarsölu fara fram. Þá bendir stefnandi á, að nauðungarsalan hafi farið fram á

ábyrgð tollstjórans í Reykjavík, og felst í því, að hann ábyrgist, að honum hafi verið heimilt að láta selja buxurnar.

Stefnandi telur, að líkja megi fyrrgreindri uppboðssölu við sölu á stolnum munum. Óumdeilt sé, að eigandi stolins munar geti brigðað honum frá aðila, sem keypt hafi muninn á nauðungarsölu, og jafnframt, að uppboðsbeiðandi beri ábyrgð á tjóni uppboðskaupanda.

Stefnda hafi verið skylt skv. vörumerkjalögum nr. 47/1968 og þeim skuldbindingum, sem stefndi tók á sig við samþykkt Parísarsamþykktarinnar um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sbr. lög nr. 102/1961, að láta eyða fyrrgreindum gallabuxum, líkt og tollstjórinn í Reykjavík gerir nú, en ekki að selja þær grandlausum aðilum á nauðungarsölu. Stefnandi bendir á, að stefndi öðlist ekki betri rétt við það eitt að selja vörur á nauðungarsölu en ef tollstjórinn í Reykjavík ræki verslun og hefði selt stefnanda þar fyrrgreindar buxur.

Vegna kaupa stefnanda á buxunum á nauðungaruppboði 20. nóvember 1993 hafi stefndi orðið fyrir verulegu tjóni. Nemi tjón stefnda kaupverði gallabuxna þeirra, sem urðu eign Levis Strauss & Co. skv. dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, áætluðum hagnaði hans af sölu þeirra og kostnaði hans af málaferlum við Levi Strauss & Co. Hinn 27. júní 1995 greiddi stefnandi Levi Strauss & Co. málskostnað auk dráttarvaxta að frádregnum málskostnaði, sem Levi Strauss & Co. var dæmt til að greiða stefnanda auk dráttarvaxta. Stefnandi áætlar hagnað sinn af sölu gallabuxna þeirra, sem urðu eign Levis Strauss & Co., lítinn, aðeins 500 kr. stykkið, og bendir á, að útsöluverð gallabuxna þeirra, sem mál þetta varðar, var 2.000 kr. til 2.900 kr., en stefnandi keypti 370 buxur á 369.000 kr., 997 kr. hvert stykki.

Stefnukrafa sundurliðast þannig:

Kaupverð 258 gallabuxna, er gerðar voru upptækar með dómi	kr. 257.226
Dæmdur málskostnaður Levis Strauss & Co. skv. dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 18. 11. '94, greiddur af stefnanda 27. 6. '95	– 162.367
Dæmdur málskostnaður stefnanda skv. dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 30. janúar 1995, greiddur af Levi Strauss & Co. 27. 6. '95	– –42.209
Lögmanskostnaður stefnanda vegna málaferla við Levi Strauss & Co.	– 186.751
Tjón stefnanda vegna tapaðs hagnaðar af sölu 258 gallabuxna, 258 stk. × 500 kr.	– 129.000

Stefnandi styður kröfur sínar á hendur stefnda við reglur kröfuréttar, almennu skaðabótaregluna, vörumerkjalog nr. 47/1968, sbr. einkum 38. gr. þeirra, og Parísarsamþykktina um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, sbr. lög nr. 102/1961. Þá vísar stefnandi jafnframt til tollalaga nr. 55/1987 og 2. kafla laga nr. 92/1989. Loks vísar stefnandi til 5. tl. 17. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að málshöfðunarfrestir séu liðnir, og þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda. Í XV. kafla laga nr. 90/1991 sé fjallað um ábyrgð á nauðungarsölu. Sá, er telji sig verða fyrir tjóni vegna nauðungarsölu, geti krafist gerðarbeiðanda bóta vegna þess tjóns, sbr. 86. gr. laganna. Í málinu sé tollstjórinn í Reykjavík gerðarbeiðandi. Samkvæmt 1. mgr. 87. gr. sé tjónþola jafnframt heimilt að beina málskoti óskipt að ríkinu með gerðarbeiðanda, ef sá, er framkvæmdi nauðungarsölu, sýndi af sér gáleysi, sem leiddi til tjóns. Málsókn á hendur sýslumanni virðist á því reist. Í 88. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu segi, að til heimtu bóta skv. 86. gr., sbr. 1. mgr. 87. gr., beri að höfða mál fyrir héraðsdómi, áður en þrjú mánuðir séu liðnir, frá því að sá, sem hefur orðið fyrir tjóni, átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi. Nauðungarsalan hafi farið fram 20. nóvember 1993. Gögn málsins beri með sér, að þessi frestur var löngu útrunninn, þegar málið var höfðað 23. 5. 1996. Því beri að sýkna stefnda.

Gallabuxurnar hafi verið gerðar upptækar til ríkissjóðs. Salan hafi farið fram að kröfu og á ábyrgð tollstjórans í Reykjavík. Samkvæmt endurriti úr gerðabók sýslumanns hafi verið um að ræða gallabuxur af ótilgreindri tegund. Fyrst eftir að stefnandi var orðinn hæstbjóðandi á uppboðinu, hafi starfsmaður sýslumannsembættisins gefið út kvittun, þar sem fram kom, að um Levis-gallabuxur hafi verið að ræða. Sé því haldið fram, að stefnandi geti augljóslega ekki treyst á síðar til komna kvittun. Mótmælt sé rangri fullyrðingu stefnanda, að honum hafi verið seldar Levis-gallabuxur. Þá sé því einnig mótmælt sem röngu, að sýslumaður hafi við sölu „ábyrgst, að um Levis-gallabuxur væri að ræða“.

Af hálfu stefnda er einnig vísað til 7. tl. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, sbr. einnig 8. gr. augl. nr. 42/1992 um almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjármunum. Samkvæmt almennum uppboðsskilmálum seljist munir í því ástandi, sem þeir eru, þegar hamar fellur, greiðsla fari fram við hamarshögg, engin ábyrgð sé tekin á ástandi muna og kaupandi geti ekki haft uppi neinar kröfur um riftun, afslátt eða skaðabætur, eftir að söluverði hafi verið ráðstafað. Stefnandi ákvað sjálfur að kaupa umræddar gallabuxur á uppboðinu, og það gerði hann allsendis á eigin ábyrgð. Stefn-

andi geti því ekki haldið því fram, að ríkissjóður beri ábyrgð á því tjóni, sem hann telji sig hafa orðið fyrir vegna kaupanna.

Einnig er bent á 48. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Skv. því ákvæði verði sá, sem kaupir hlut á uppboði, að taka hið selda eins og það er og geti ekki borið fyrir sig neina galla á því, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða hið selda svari ekki til þess heitis, sem það var auðkennt með við sölu. Þessum skilyrðum sé ekki fullnægt.

Því sé hafnað, að ákvæði 37. gr. og 38. gr. l. nr. 47/1968 um vörumerki eigi við í málinu og þau ákvæði Parísarsamþykktarinnar, sem stefnandi vísi til í stefnu. Vörumerkjalögin verndi réttthafa vörumerkis, en stefnandi sé ekki réttthafi þess. Þá verði ekki sagt, að sýslumaður sjái um nauðungarsölu „í atvinnuskyni“ í skilningi 1. mgr. 4. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki. Vörumerkið „Levis“ hafi ekki verið notað við nauðungarsölu, heldur hafi vör- unni aðeins verið lýst sem „gallabuxum“. Fram komi í bréfi tollstjóra, dags. 14. 6. 1996, að tollstjóri hafði engar upplýsingar haft um tegund gallabuxn- anna. Sýslumaður hafi ekki heldur vitað, hverrar tegundar umræddar buxur voru, og því síður gat hann vitað, að um eftirlíkingar af ákveðinni tegund væri að ræða.

Af hálfu stefnanda er vísað til dskj. 19, þ. e. bréfs fjármálaráðuneytisins til Viðars Mús Matthíassonar hrl., dags. 16. febr. 1994, og talið, að í því bréfi felist viðurkenning þess, að nauðungarsala 20. nóvember 1993 hafi verið ólögmat. Því er algjörlega hafnað, að bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 16. febrúar 1994, feli í sér viðurkenningu þess, að nauðungarsalan hafi verið ólögmat. Álit ráðuneytisins hafi verið fyllilega réttmætt í ljósi þeirra upp- lýsinga, er ráðuneytinu höfðu þá borist.

Verði eigi fallist á sýknukröfu stefndu, er til vara gerð krafa um verulega lækkun stefnufjárhæðar og málskostnaður í því tilviki látinn falla niður. Mótmælt sé öllum kostnaði stefnanda vegna málaferla við Levi Strauss & Co., þar sem hann sé óviðkomandi nauðungaruppboðinu. Þá sé mótmælt tjóni vegna tapaðs hagnaðar. Þá beri einnig að taka tillit til eigin sakar stefnanda við kaupin á nauðungaruppboðinu. Einnig sé bent á, að við út- reikning bótakröfu sé ekki tekið tillit til hagnaðar seljanda eða sölu á þeim 112 gallabuxum, sem keyptar voru á uppboðinu. Upphafstíma dráttarvaxta sé mótmælt.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu fyrir dóminum. Þá komu fyrir dóminn sem vitni Hólmfríður Jónsdóttir húsmóðir, Óskar Kristinn Ásgeirsson fulltrúi og Sólveig Backman Gunnarsdóttir deildarstjóri.

Forsendur og niðurstaða.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 18. júní 1992, var tilteknum aðilum gert að sæta upptöku í ríkissjóð, m. a. á 396 gallabuxum, sem tollgæslan hafði lagt hald á, en tilraun hafði verið gerð til að smygla þeim til landsins frá Thailandi. Fór tollstjórinn í Reykjavík fram á uppboð á 370 af umræddum buxum til lúkningar aðflutningsgjöldum. Gallabuxur þessar voru seldar á uppboði 20. nóvember 1993. Stefnandi keypti buxurnar og fékk kvittun, þar sem fram kemur, að um Levis-gallabuxur sé að ræða.

Stefnandi hefur lýst því hér fyrir dóminum, að á uppboðinu hafi komið fram, að boðnar væru upp Levis-gallabuxur og það hefði ráðið ákvörðun hans um að bjóða í vöruna. Hólmfríður Jónsdóttir, eiginkona stefnanda, bar sömuleiðis fyrir dóminum, að hún hefði verið á umræddu uppboði og tilkynnt hafi verið, að um Levis-gallabuxur væri að ræða, og auk þess hafi aðstoðarmaður uppboðshaldara sýnt viðstöddum eintak, sem merkt var Levis 501.

Vitnið Óskar Kristinn Ásgeirsson, sem var starfsmaður ríkiskaupa á uppboðinu, bar fyrir dóminum, að ekki hefði farið á milli mála, að þarna var talað um Levis-gallabuxur. Fram hafi komið spurning úr sal, hvort um væri að ræða slíkar buxur. Buxurnar hafi greinilega verið merktar Levis, og starfsmaður uppboðsins hafi upplýst, að um Levis-gallabuxur væri að ræða.

Í 48. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup segir, að sé hlutur seldur á uppboði, geti kaupandi ekki borið fyrir sig neinn galla á hlutnum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var auðkenndur með við söluna, eða seljandi haft svik í frammi.

Í málinu liggur fyrir, að sýslumaðurinn í Reykjavík seldi að beiðni tollgæslunnar í Reykjavík gallabuxur, sem báru vörumerki Levis Strauss & Co. Í ljós kom, að varningur þessi svaraði ekki til þess heitis. Vörumerki Levis Strauss & Co. nýtur verndar ákvæða 37. og 38. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki. Frekari dreifing gallabuxnanna var því stöðvuð með lögbandi af hálfu réttshafa vörumerkisins og buxurnar síðan eyðilagðar að undangengnum dómi. Varð stefnandi fyrir tjóni af þessum sökum, sem stefndi ber ábyrgð á.

Af hálfu stefnda er á það bent m. a., að málshöfðunarfræstur í máli þessu sé liðinn samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1989 um nauðungarsölu. Af hálfu stefnanda er þessu mótmælt.

Uppboð það, sem mál þetta er sprottið af, fór fram á grundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/1989, en samkvæmt þeirri grein verður ákvæðum laga um nauðungarsölu beitt, eftir því sem átt getur við, til að ráðstafa eign, ef þess er krafist af eiganda hennar. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar hefur ráðstöf-

un eignar á grundvelli 1. mgr. ekki áhrif á réttindi yfir henni umfram það, sem myndi almennt gæta við sölu hennar.

Hinn skammi málshöfðunarfrestur bótakröfu skv. 88. gr. laga nr. 90/1989 er slíkt frávik frá almennum reglum og meginreglum kauparéttar, að ekki fær staðist, að honum verði beitt í lögskiptum aðila nema á grundvelli skýlausrar lagaheimildar. Slíka heimild er ekki að finna í 8. gr. Ber því að líta til fyrningarreglu 54. gr. laga nr. 22/1933 um lausafjárkaup, en samkvæmt þeirri grein ber að skýra seljanda frá því innan árs, frá því að kaupandi fékk söluhlut í hendur, að hann ætli að bera fyrir sig, að söluhlutnum hafi verið ábótavant. Stefnandi beindi kröfu til stefnda með bréfi, dags. 3. júní 1994, þ. e. innan árs, frá því að uppbóðið fór fram, um, að hann tæki á sig alla ábyrgð vegna sölu á gallabuxunum. Málaferli á hendur stefnanda vegna kaupa á buxunum stóðu allt til 30. janúar 1995, er stefnandi var sýknaður af skaðabótakröfu Levis Strauss & Co. Umræddum buxum var eytt í júní 1995, og 26. júní s. á. var gengið frá uppgjöri stefnanda vegna héraðsdómsmálsins. Þegar stefnandi höfðaði mál þetta með birtingu stefnu 22. maí 1996, var krafa hans á hendur stefnda því ekki fyrnd.

EKKI er fallist á með stefnda, að um eigin sök stefnanda hafi verið að ræða í málinu, enda ekkert, sem styður þá málsástæðu.

Stefnandi hefur áætlað hagnað af sölu þeirra gallabuxna, sem gerðar voru upptækar, og krefur stefnda um þá fjárhæð. Kröfuliður þessi er ekki studdur gögnum, og ber að hafna honum. Bótakrafa stefnanda er að öðru leyti studd gögnum. Með þessari breytingu ber að taka stefnukröfuna til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað. Lögmaður stefnanda hefur lagt fram málskostnaðarreikning, samtals 272.282 kr. Ber að leggja þá fjárhæð til grundvallar.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Þórmundi Hjalmtýssyni, 564.135 kr. með 0,9% ársvöxtum af 257.226 kr. frá 22. nóvember 1993 til 1. desember 1993, með 0,5% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 3. júlí 1994, með dráttarvöxtum skv. lögum nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá þeim degi til 11. apríl 1995, af 347.226 kr. frá þeim degi til 27. júní 1995, af 467.384 kr. frá þeim degi til 22. september 1995, en af 564.135 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 272.282 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.